


Dieter F. Uchtdorf forseti
annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu



Orð Guðs til barna hans

Ritningarnar segja að það fyrsta sem Guð gerði eftir að hafa skapað karl og konu, var að tala til þeirra.¹ Hann vildi veita þeim mikilvægar upplýsingar og dýrmæta leiðsögn. Tilgangur hans var ekki að íþyngja þeim eða valda þeim áhyggjum, heldur að leiða þau til hamingju og eilífrar dýrðar.

Það var aðeins upphafið. Frá þeim degi til þessa dags hefur Guð haldið áfram að eiga samskipti við börn sín. Orð hans hafa verið varðveitt, mikils metin og lærð af lærisveinum allra kynslóða. Þeir sem sækjast eftir að þekkja vilja Guðs bera djúpa virðingu fyrir orðum hans og þau bera vitni um þann sannleika að „Drottinn Guð gjörir ekkert án þess að hann hafi opinberað þjónum sínum, spámönnunum, ráðsályktun sína.“²

Það hefur verið fyrirmyndin allt frá upphafi tímans og er enn á okkar tíma. Hér er ekki aðeins um að ræða góða biblíusögu, heldur er þetta fyrirbúin leið Guðs til að veita börnum sínum mikilvægan boðskap. Hann reisir upp einstaklinga meðal okkar, kallar þá sem spámenn og felur þeim orð að segja, sem okkur er ætlað að taka á móti „sem kæmi það af [hans] eigin munni.“³ Frelsarinn sagði: „Hvort sem það er sagt með minni eigin rödd eða með rödd þjóna minna, það gildir einu.“⁴

Þetta eru ein dýrðlegustu, mest hvetjandi og vonbestu orð endurreisnarinnar – Guð er ekki hljóður! Hann elskar

börn sín. Hann hefur ekki skilið við okkur til að ráfa um í myrkri.

Tvisvar á ári hverju, í apríl og október, gefst okkur tækifæri til að hlýða á rödd Drottins fyrir tilstilli þjóna hans, á okkar dásamlegu aðalráðstefnum.

Ég gef ykkur minn persónulega vitnisburð um að löngu áður en ræðumaður gengur upp að ræðustólnum, hefur hann eða hún lagt á sig mikla vinnu, með bænum og lærdómi, til að bregðast við því verkefni að tala til okkar. Að baki hvers boðskaps eru ótal stundir undirbúnings og innilegar bænir, til að hljóta vitneskju um hvað Drottinn vill færa sínum heilögu.

Hvað gæti gerst, ef við sem hlustendur hefðum sama háttinn á í undirbúningi og ræðumennirnir? Að hvaða leyti gæti nálgun okkar verið önnur varðandi aðalráðstefnu, ef við litum á ráðstefnuna sem tækifæri til að taka á móti boðskap frá Drottni sjálfum? Við getum vænst þess að hljóta persónuleg svör fyrir tilstilli orða og tónlistar aðalráðstefnu, við hvaða spurningum eða vanda sem við stæðum frammi fyrir.

Ef þið hafið einhvern tíma velt fyrir ykkur hvort himneskur faðir muni í raun tala til ykkar, þá minni ég ykkur á hin látlausu en íhugulu orð Barnafélagssálsins: „Guðs barnið eitt [þú ert] hann um [þig] heldur vörð.“ Tilgangur hans er að hjálpa ykkur svo „Guði [verðið] hjá.“

Ef þið komið til himnesks föður sem barn hans, getið þið spurt hann af einlægu hjarta: „Leið mig, viltu vísa mér á veg sem treysta má. Kenn mér allt sem get ég gert.“ Hann mun tala til ykkar með sínum heilaga anda og það verður svo undir ykkur komið að „læra að hlýða rödd.“ Ef þið gerið það, þá lofa ég ykkur að þið munið hljóta hans „æðstu blessun hér.“⁵

Leiðsögn Drottins er engu síður nauðsynlegt nú eins og áður í sögu mannkyns. Megum við leita anda sannleikans af kostgæfni, er við búum okkur undir að hlýða á orð Drottins, svo að við megum skilja þegar Drottinn talar með þjónum sínum og læra og fagna saman.⁶

Ég ber vitni um að „gjörð [þið] það, munu hlið heljar eigi á [ykkur] sigrast. Já, og Drottinn Guð mun dreifa valdi myrkursins frá [ykkur] og láta himnana bifast yður til góðs og nafni sínu til dýrðar.“⁷

HEIMILDIR

1. Sjá 1 Mós 1:28.
2. Amos 3:7.
3. Kenning og sáttmálar 21:5.
4. Kenning og sáttmálar 1:38.
5. „Guðs barnið eitt ég er.“ *Sálmar*, nr. 112; *Barnasöngbókin*, 2–3.
6. Sjá Kenning og sáttmálar 50:21–22.
7. Kenning og sáttmálar 21:6.

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Á aðalráðstefnum getum við hlotið persónuleg svör við spurningum okkar og vandamálum, ef við hlýðum á hina útvöldu þjóna Guðs. Íhugið að ræða eftirfarandi við þá sem þið kennið: Hvernig getið þið búið ykkur undir að fá slík svör á aðalráðstefnu? Uchtdorf forseti hvetur okkur til að „leita anda sannleikans af kostgæfni.“ Hvað haldið þið að felist í því og hvernig getið þið tileinkað ykkur það í undirbúningi ykkar? Hvaða aðrar blessanir hljóta af því að búa sig undir að hlýða á orð Drottins með þjónum hans, auk blessanna sem bent er á í Kenningu og sáttmálum 21:6? Þið getið hvatt þau sem þið kennið að skrifa í dagbók það sem andinn kennir þeim á komandi aðalráðstefnu.

UNGLINGAR

Búa sig undir að hlýða á rödd Guðs

Uchtdorf forseti segir frá því að það fyrsta sem Guð gerði eftir að hafa skapað karl og konu var að tala til þeirra og veita þeim leiðsögn og dýrmætar upplýsingar. Við hljótum þessa sömu blessun í apríl og október á aðalráðstefnum, er leiðtogar kirkjunnar tala til okkar og veita þá leiðsögn sem Drottinn vill að við ljáum eyra.

Hafið þið einhvern tíma heyrt rödd Guðs í gegnum þjóna hans á aðalráðstefnu? Hafið þið einhvern tíma upplifað að einhver ákveðinn boðskapur hafi veitt ykkur svör sem þið hafið leitað að? Þið getið skrifað hjá ykkur þá upplifun og hvernig hún hjálpaði ykkur. Búið ykkur síðan undir að hlýða á rödd Drottins á næstkomandi aðalráðstefnu með því að skrifa hjá ykkur spurningar sem á ykkur hvíla og ígrunda þær við ritninganám ykkar. Biðjið til himnesks föður um að hann veiti ykkur svör og skilning á ráðstefnunni. Einblínið á einstaka hugboð er þið hlýðið á þjóna Drottins. Hvað lærðuð þið? Hvaða breytingar fannst ykkur þið þurfa að gera? Skrifðið hjá ykkur þessar hugsanir, því þannig talar andinn til ykkar!

Hafið ávallt í huga að himneskur faðir elskar ykkur og mun leiða ykkur á rétta braut. Þegar þið reynið að hlusta eftir rödd hans fyrir tilstilli þjóna hans, munið þið blessuð og upplýst.

BÖRN

Hafið ykkur til fyrir ráðstefnu!

Skrifið hjá ykkur þessi hugboð á blað. Hafið blaðið með ykkur á aðalráðstefnu, svo þið getið skrifað hjá ykkur það sem þið lærið.

Skrifið spurningar ykkar. Ég er að hugsa um . . .

Biðjið til himnesks föður. Ég myndi vilja fá hjálp við

að læra um . . .

Hlustið á aðalráðstefnu. Ég lærði . . .



Biðja fyrir hverri systur með nafni

Elska okkar til þeirra sem við heimsóknarkennum og innblástur okkar varðandi þær, mun aukast er við biðjum af auðmýkt sérstaklega fyrir hverri systur með nafni.

Trú, fjölskylda, líkn

Í ritningunum eru mörg dæmi um karla og konur sem báðu fyrir öðrum með nafni. Faðir Alma yngri er meðal þeirra áhrifamestu. Engill talaði til Alma yngri og sagði honum að faðir hans „[hefði] beðið í sterkri trú fyrir [honum]. . . . Þess vegna og í þeim tilgangi hef ég komið til að sannfæra þig um kraft og vald Guðs, svo að þjónar hans verði bænheyrðir í samræmi við trú þeirra“ (Mósía 27:14).

Að biðja fyrir hvert öðru, lýkur upp hjörtum okkar til að taka á móti þeim blessunum sem Drottinn þráir að veita okkur. „Tilgangur bænar er ekki að breyta vilja Guðs, heldur að tryggja okkur og öðrum þær blessanir sem hann er þegar fús til að veita og sem við þurfum að biðja um til að öðlast.“¹

Systir nokkur minnstist þess að á erfiðum tíma í lífi hennar, þá hefði hún oft hlotið textaboð eða

símhringingu frá heimsóknarkennurum sínum á „einkar dímum dögum.“ Þær virtust vita nákvæmlega hvenær hún þarfnaðist uppörvunar. Hún vissi að þær báðu fyrir henni, bæði í heimsóknum sínum og líka sjálfar.

„Hugsid ykkur sameiginlegan styrk okkar, ef hver systir bæðist fyrir af einlægni kvölds og morgna eða, það sem enn betra væri, linnulaust, eins og Drottinn hefur boðið, sagði Julie B. Beck, fyrrverandi aðalforseti Líknarfélagsins.² Ef við biðjum fyrir þeim sem við heimsóknarkennum, mun það styrkja okkur sjálfar og sem Síðari daga heilagar konur.

Henry B. Eyring forseti, fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, sagði: „Biðjið fyrir þeim svo þið fáið þekkt hjörtu þeirra. . . . Þið þurfið að vita hvað Guð myndi vilja að þið gerðuð til að hjálpa þeim og framkvæma

það eins vel og þið gætuð í kærleika Guðs til þeirra.“³

HEIMILDIR

1. Guide to the Scriptures, “Prayer.”
2. Julie B. Beck, “What Latter-day Saint Women Do Best: Stand Strong and Immoveable,” *Liahona*, nóv. 2007, 110.
3. Henry B. Eyring, “Priesthood and Personal Prayer,” *Liahona*, maí 2015, 85.

Til hugleiðingar

Hvaða innblástur og hugmyndir hafið þið öðlast nýlega er þið hafið beðið fyrir hverri systur sem þið heimsóknarkennið?

Þjónusta

Þegar við biðjum fyrir hverri systur með nafni, þá munum við hljóta persónulegan innblástur um hvernig uppfylla skuli þarfir hverrar systur sem við heimsóknarkennum.